

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðalax Fossfjörður í Arnarfirði



Dags eftirlits	21.9.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fjarðalax	Fulltrúi UST	Kristján Geirsson
Heimili	Hafnarhúsinu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	641109-1770	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Örn Pálsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirliti komu fram fjögur frávík frá starfsleyfi. Í fyrsta lagi hvað varðar skil á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, í öðru lagi skil á neyðaráætlun, í þriðja lagi varðandi skil á drögum að vöktunaráætlun og í fjórða lagi þá hefur Umhverfisstofnun ekki borist staðfesting á ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar. Ein athugasemd var gerð um árekstrarvörn við olútank.

UMFANG EFTIRLITS

Þar sem um er að ræða fyrsta eftirlit eftir útgáfu starfsleyfis var farið yfir einstök ákvæði starfsleyfis og minnt á skiladaga viðbragðsáætlunar, neyðaráætlunar, vöktunaráætlunar, græns bókhalds, útstreymisbókhalds og ársyfirlit rekstraraðila.

Rekstraraðila voru kynntar vinnureglur Umhverfisstofnunar um birtingu eftirlitsskýrsla á netinu.

Starfstöð rekstraraðila í Fossfirði var skoðuð. Ástand kvía og fóðrun í kvíum skoðuð á skjá í stjórnstöð en ekki var farið út að kvíum. Staðsetning kvía skoðuð m.t.t. afmarka í starfsleyfi.

Farið var yfir aðferð við stjórnun á fóðurgjöf. Fram kom að fylgst er með afdrifum fóðurs á skjá.

Farið var yfir ferli lífræns úrgangs hjá rekstraraðila. Skoðaður var útbúnaður sem fangar dauðan fisk úr kvíum.

Frávík frá

grein 1.5 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Rekstraraðila bar að skila inn áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins, eða 29. ágúst 2012.

grein 4.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að skila inn neyðaráætlun fyrir 1. maí 2012. Neyðaráætlun þarf að vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlun var afhend í eftirliti.

grein 4.7 í starfsleyfi

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á að rekstraraðili hafi tekið ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004

grein 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðila bar að skila til Umhverfisstofnunar drög að vöktunaráætlun fyrir 1. maí 2012. Vöktunaráætlun var afhend í eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Skoðaður var olútankur við stöðina. Gerð er athugasemd við að ekki er árekstrarvörn við tankinn og rekstraraðili hafði ekki upplýsingar um hvort tankurinn væri tvöfaldur. Ekki er steipt undirlag og viðtaki leka er gróf mól. Bent er á að bætt verði úr þessum atriðum til að draga úr líkum á óhöppum og afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili gerir athugasemd hér og vill taka fram að olútankur er ekki í akstursleið neinna farartækja og er staðsettur í skjóli við gám. Umrædd hættu sé því ekki til staðar.

ANNAÐ

Neyðaráætlun og vöktunaráætlun voru afhendar í eftirlitinu.

Slátrun var í gangi og engin merki blóðvatns frá bát voru sjáanleg.

Ferli fyrir lífrænan úrgang liggur fyrir. Slóg og nýtanlegur úrgangur er frystur í pönnur og selt til fóðurgerðar. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu er leitt í rotþró og telst fullnægja ákvæði í starfsleyfi.

Minnt var á skil á grænu bókhaldi, útstreymisbókhaldi og ársyfirliti rekstraraðila skv. gr. 3.2 og 3.3. í starfsleyfi.

Tekið var fram að losun fosfórs þurfi að koma fram í ársskýrslu rekstraraðila skv. grein 2.3 í starfsleyfi.


Bent var á að þéttleiki í kvíum megi ekki fara yfir 15 kg/m³ skv. gr. 2.4 í starfsleyfi

Farið var yfir eftirlistflokka og gjöld sem þeim tengjast.

Kynnt var upplýsingaskylda laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og að allar upplýsingar s.s. grænt bókhald, eftirlitsskýrslur og niðurstöður mælinga er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Farið var yfir upplýsingar um fulltrúa rekstraraðila og nýr tengiliður Umhverfisstofnunar gagnvart fyrirtækinu kynntur og beðið er um að allar upplýsingar skuli sendar á netfang stofnunarinnar ust@ust.is og á netfang eftirlitsmanns.

Reykjavík, 25.09.2012



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.